



Ársskýrsla

Landsbankans 2014

Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtækið á Íslandi og veitir einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum um allt land trausta og alhliða fjármálaþjónustu sem byggir á langtíma viðskiptasamböndum. Hagnaður Landsbankans á árinu 2014 nam 29,7 milljörðum króna eftir skatta samanborið við 28,8 milljarða á árinu 2013. Arðsemi eiginfjár eftir skatta á árinu 2014 var 12,5%.

Stærsta fjármálafyrirtækið á Íslandi

Landsbankinn leggur áherslu á að vera samherji viðskiptavina í fjármálum. Hann stundar ábyrga markaðssókn með það að markmiði að skapa gagnkvæman ávinning fyrir viðskiptavinum viðskiptavini.

Einstaklingar í viðskiptum við Landsbankann	113.500
Fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann	11.096
Útibú og afgreiðslur í árslok 2014	32
Fjöldi hraðbanka	65
Stöðugildi í árslok 2014	1.126

Útibúanet Landsbankans

Landsbankinn rekur víðtækasta útibúanet banka á Íslandi. Útibú og afgreiðslur bankans í árslok 2014 voru 32 talsins.



Landsbankinn þinn

Framtíðarsýn Landsbankans er að vera til fyrirmyndar. Hlutverk hans er að vera traustur samherji í fjármálum og hreyfiafl í samfélaginu.

Stjórn og skipulag

Góðir stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir Landsbankans stuðla að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og styrkja hlutlægni, heilindi, gagnsæi og ábyrgð í stjórnarháttum bankans. Sjá nánar stjórnarháttayfirlýsingu bankans í viðhengi

„Landsbankinn stendur á margan hátt á tímamótum. Það gildir í senn um ytri aðstæður sem og starfið innan bankans. Eftirhret bankahrunsins að mestu leyti að baki og framundan eru skref til afléttingar hafta á fjármagnshreyfingar.“

Bankaráð og stjórnarhættir

Bankaráð Landsbankans er kjörið á aðalfundi til árs í senn og eru kjörnir sjö aðalmenn og tveir varamenn. Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi bankans í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir. Bankaráð mótar almenna stefnu bankans og skal sjá til þess að skipulag og starfsemi bankans sé jafnan í réttu horfi.

Framkvæmdastjórn og skipulag

Svið bankans eru sjö talsins: Einstaklingssvið, Fyrirtækja-svið, Markaðir, Áhættustýring, Fjármál, Þróun og mann-auður og Rekstur og upplýsingatækni. Framkvæmdastjórn skipa átta manns, bankastjóri og framkvæmdastjórar svið-anna.

Ávarp Tryggva Pálssonar, formanns bankaráðs

Landsbankinn stendur á margan hátt á tímamótum. Það gildir í senn um ytri aðstæður sem og starfið innan bankans. Með markvissu starfi á undanförnum árum hefur tekist að koma Landsbankanum í stöðu sem skapar forsendur til að tryggja viðunandi afkomu bankans til langs tíma litið.

Í fyrsta lagi eru eftirhret bankahrunsins að mestu leyti gengin yfir og framundan eru aðgerðir til afléttingar hafta á fjármagnshreyfingar. Lagaleg óvissa um gengisbundin og verðtryggð kjör og sífelldur endurreikningur lána heyrir senn sögunni til.

Í öðru lagi hefur verið lengt í skuldabréfum Landsbankans við LBI. Sá mikilvægi áfangi veitir svigrúm í erlendri fjármögnun bankans. Ekkert er bankanum nú

að vanbúnaði til að hefja lántökur á alþjóðlegum markaði þegar það þykir hagkvæmt.

Í þriðja lagi hefur góður árangur náðst í sölu fullnustueigna og hlutabréfa. Á árinu munaði mest um að seldir voru með hagnaði eignarhlutir bankans í Valitor, Borgun og Promens auk stórs hluta í FSÍ.

Drjúgur hluti af hagnaði og arðsemi á undanförnum árum skýr-


ist af virðisbreytingum útlána, hagnaði af eignum á markaði og sölu eigna.

Í fjórða lagi er eiginfjárstaða bankans orðin firnasterk, en hefur þó væntanlega náð hámarki. Kemur þar tvennt til.

Annars vegar er unnt að greiða út hluta þess eiginfjár sem er umfram viðmið stjórnar og kvaðir eftirlitsaðila. Ríkissjóður getur þá grynnað á skuldum sínum. Það



Tryggvi Pálsson,
formaður bankaráðs



styrkir láns hæfi hans og þar með allra íslenskra lántakenda. Hins vegar eru horfur á að arðsemi bankans minnki á komandi árum.

Í fimmta lagi nálgast sú stund að ríkissjóður selji af hlut sínum í

bankanum og hlutabréf bankans verði skráð í kauphöll. Í fjárlögum er kveðið á um sölu 15% eignarhlutar ríkissjóðs á árinu 2015 og annars eins árið eftir.

Í sjötta lagi markar það tímamót að ný stefna verður kynnt á aðalfundi bankans. Meginmarkmið hennar er að arðsemi af reglubundinni starfsemi verði í framtíðinni að jafnaði yfir 10%. Bankinn ætlar að setja þarfir viðskiptavina í forgrunn og nýta þau tækifæri sem felast meðal annars í betri samsetningu efnahags, auknum viðskiptum, skilvirkni og kostnaðaraðhaldi.

Með markvissu starfi á undanförunum árum hefur tekist að koma Landsbankanum í stöðu sem skapar forsendur til að tryggja viðunandi afkomu bankans til langs tíma lítið. Ekkert er þó sjálfgefið á þeirri leið.

Árangur Landsbankans verður ekki einungis mældur út frá rekstrar- og efnahagsreikningi hans heldur ekki síður með tilliti til þess sem starfið hefur skilað fyrir viðskiptavinum og samfélag okkar. Látum efndir frekar en loforð efla traust.

Ávarp Steinþórs Pálssonar bankastjóra

Staða Landsbankans styrktist á árinu 2014. Efnahagur bankans hefur aldrei verið traustari, bankinn býr að mjög sterkri eigin- og lausafjárstöðu auk þess sem búið er að lengja verulega í erlendum lánum. Þá hafa gæði eigna batnað töluvert á árinu, vanskil hafa lækkað verulega og mikið hefur verið selt af hlutabréfum og fullnustueignum.

Sterk staða Landsbankans var staðfest þegar erlent matsfyrirtæki breytti horfum bankans úr stöðugum í jákvæðar síðastliðið haust. Það sem heldur aftur af frekari hækkun á lánshæfismati er fyrst og fremst lánshæfiseinkunn ríkissjóðs. Bundnar eru vonir við að hún hækki á næstunni og um leið hækki mat á bankanum.

Á árinu 2014 var hagnaður af rekstri Landsbankans um 29,7 milljarðar króna og arðsemi

eiginfjár 12,5%. Arðsemin hefur verið góð á undanförunum árum og að meðaltali rúm 12% á ári síðustu fimm árin. Markmið bankans er að arðsemin verði á bilinu 10 til 15% að jafnaði. Eigið fé heldur áfram að hækka vegna mikils hagnaðar og þrátt fyrir að greiddur hafi verið út til eigenda 20 milljarða króna arður fyrir ári.


Mikið af hagnaði síðustu ára stafar af einskiptisliðum. Hluti hans er virðisaukning af útlánum fyrirtækja, eða tæpir 25

milljarðar króna, en á móti koma virðisrýrnun og afskriftir af útlánum bankans til einstaklinga. Sú fjárhæð nemur rúmum 12 milljörðum króna.

Þegar þessar virðisbreytingar eru settar í samhengi við stöðu heildarútlána kemur í ljós að lánasafn einstaklinga, sem tekið var yfir við stofnun Landsbankans, var ofmetið um 7% en lánasafn fyrirtækja vanmetið um 5%. Meðal annarra einskiptisliða sem hafa haft töluverð áhrif á



Steinþór Pálsson,
bankastjóri



rekstrarafkomu á liðnum árum er gengishagnaður af erlendum gjaldmiðlum og af hlutabréfum.

Ekki er hægt að reikna áfram með sambærilegum tekjum af einskiptisliðum og á undanförunum árum. Til að skila viðunandi arðsemi þarf því að

bæta rekstur, draga úr kostnaði, auka skilvirkni og auka hlutfall reglulegra tekna af heildartekjum bankans. Að þessu munum við stefna en því fylgja breytingar í rekstri auk fjárfestinga í innviðum og þjálfun starfsmanna og mun taka nokkur ár áður en settu marki verður náð. Því er líklegt að arðsemi næstu ára verði undir langtíamarkmiðum bankans.

Landsbankinn er nú sem áður stærsta fjármálafyrirtæki landsins. Það er jákvætt að sjá að markaðshlutdeild fer vaxandi meðal almennings í landinu og að forysta bankans á því sviði eykst. Starfsfólki bankans er þakkað gott starf og viðskiptavinum ánægjuleg samskipti.

Við leggjum á það megináherslu í framtíðinni að allir starfsmenn vinni saman og af ábyrgð þannig að bankinn sé áfram traustur samherji í fjármálum. Þjónustan á að snúast um þarfir viðskiptavina og vera með þeim hætti að þeir nái árangri og að samstarf við bankann skili þeim ávinningi.

Við viljum að viðskiptavinir okkar geti sagt: „Svona á banki að vera!“

Stjórn og stjórnarhættir

Bankaráð Landsbankans er kjörið á aðalfundi til árs í senn og eru kjörnir sjö aðalmenn og tveir varamenn. Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi bankans í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir. Bankaráð mótar almenna stefnu bankans og skal sjá til þess að skipulag og starfsemi bankans sé jafnan í réttu horfi. Bankaráð skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans og tryggja það að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.



Bankaráð Landsbankans

***Tryggvi Pálsson,
formaður***

Tryggvi Pálsson hefur víðtæka reynslu á fjármálamarkaði og hefur gegnt leiðandi hlutverki í rekstri fjölmargra fjármálafyrirtækja. Hann lauk prófi frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands og meistaraþráðu í þjóðhagfræði frá London School of Economics. Tryggvi er sjálfstætt starfandi við ráðgjöf, kennslu og stjórnarstörf.



Eva Sóley Guðbjörnsdóttir

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir er forstöðumaður á fjármálasviði hjá Össuri hf. Hún situr jafnframt í stjórn Skeljungs hf. og er stundakennari í meistaranámi í fjármála- verkfræði við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Hún er með meistaraþráðu í fjármálaverkfræði frá Columbia University í Bandaríkjunum ásamt grunngráðu í hagverkfræði frá sama skóla. Þá hefur hún lokið löggildingarprófi í verðbréfamíðlun.



Helga Björk Eiríksdóttir

Helga Björk Eiríksdóttir er framkvæmdastjóri Integrum sem starfar á sviði fasteignaþróunar og ráðgjafar. Helga Björk er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Edinborg. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í ensku og ítölsku frá Háskóla Íslands 1997 og lauk prófi í hagnýtri fjölmiðlun 1999 frá sama skóla. Helga Björk lauk prófi í markaðs- og útflutningsfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2002.



Danielle Pamela Neben

Danielle Pamela Neben starfaði hjá HSBC, sem er einn stærsti banki heims, á árunum 1993-2013 í sjö löndum, m.a. í Bretlandi, Þýskalandi, Taívan og Singapore. Hún lauk háskólanámi í viðskiptafræði frá McGill University í Kanada með áherslu á fjármál. Danielle Pamela Neben hefur búsetu á Íslandi.



Jóhann Hjartarson

Jóhann Hjartarson hefur verið yfirlögfræðingur Íslenskrar erfðagreiningar ehf. frá árinu 1998 en hann var einnig yfirlögfræðingur deCODE genetics Inc. á árunum 1998-2009. Jóhann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1992 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður (hdl.) 1998.



Jón Sigurðsson

Jón Sigurðsson starfar sem framkvæmdastjóri innkaupasviðs hjá Promens en hann var framkvæmdastjóri fjármálasviðs félagsins frá stofnun þess til ársins 2007. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.



Kristján Davíðsson

Kristján P. Davíðsson hefur starfað sem framkvæmdastjóri Isder ehf. síðan 2009. Hann er með skipstjórnarpróf frá Stýrimannaskóla Íslands og meistargráðu í sjávarútvegsfræði frá Háskólanum í Tromsø í Noregi.

Varamenn

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir hefur stundað kennslu og rannsóknir hérlandis og erlendis og gegnir nú lektorsstöðu við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í hagfræði frá University of Miami í Bandaríkjunum árið 2006 en þar áður stundaði hún meistaranám í hagfræði við sama skóla og sagnfræði við Háskóla Íslands.

Ragnar Lárus Gunnarsson

Ragnar Lárus Gunnarsson var annar af tveimur varamönnum í bankaráði. Hann ákvað í júlí 2014

að segja starfi sínu lausu vegna starfa erlendis. Kjör nýs varamanns fer fram á hluthafafundi árið 2015.

Stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir Landsbankans leggja grunninn að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans. Á hverju ári gerir Landsbankinn úttekt á því hvort viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt og hvort stjórnarhættir bankans á hverjum

Stjórnarháttayfirlýsing Landsbankans

Landsbankinn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og gerir grein fyrir þessum þætti í stjórnarháttayfirlýsingu bankans ár hvert.

tíma séu í samræmi við þær leiðbeiningar.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti tilkynnti í desember 2014 að Landsbankinn hf. fengi viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Umsögn Rannsóknarmiðstöðvarinnar var byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af Deloitte í nóvember 2014.

Niðurstaða úttektar Deloitte á stjórnarháttum Landsbankans var talin gefa skýra mynd af stjórnarháttum bankans og benda til þess að Landsbankinn geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar í góðum stjórnarháttum.

Framkvæmdastjórn og skipulag

Samkvæmt skipuriti bankans eru svið bankans sjö: Einstaklingssvið, Fyrirtækjasvið, Markaðir, Áhættu-
stýring, Fjármál, Þróun og mannauður og Rekstur og
upplýsingatækni. Framkvæmdastjórn skipa átta manns,
bankastjóri og framkvæmdastjórar sviðanna.



Bankastjóri

Bankastjóri ber ábyrgð á dag-
legum rekstri bankans og fer með
ákvörðunarvald í öllum málefnum
hans sem ekki eru öðrum falin
með lögum, samþykktum bank-
ans eða ákvörðunum bankaráðs.

Steinþór Pálsson

Steinþór Pálsson er bankastjóri
Landsbankans. Steinþór hefur
langa reynslu af stjórnunarstörf-
um við banka og framleiðslufyrir-
tæki, bæði innanlands og erlendis,
og mikla reynslu af breytinga-
stjórnun og stefnumótun. Steinþór
er viðskiptafræðingur frá Háskóla
Íslands og með MBA-gráðu frá
Edinborgarháskóla. Bankastjóri
annast daglegan rekstur Lands-
bankans og fylgir ákvörðunum
bankaráðs eftir.

Fyrirtæki

Meginhlutverk Fyrirtækja-
sviðs snýr að þjónustu við fyrir-
tæki, sveitarfélög og stofnanir.
Fyrirtækjamiðstöð Landsbankans
heyrir einnig undir sviðið.



Árni Þór Þorbjörnsson

Árni er lögfræðingur frá Háskóla
Íslands með diplóma í rekstrar- og
viðskiptafræði. Hann hlaut lög-
gildingu í Corporate Finance frá
Securities & Investment Institute
í London 2005. Árni hóf störf hjá
Landsbankanum 1996.



Einstaklingar

Meginhlutverk Einstaklingssviðs er að annast viðskipti við einstaklinga og að auki veita útibú á landsbyggðinni fyrirtækjum alla almenna bankapjónustu.

Helgi Teitur Helgason

Helgi lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands 1998. Helgi var áður útibússtjóri á Akureyri en varð framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs 2010.



Markaðir

Meginhlutverk Markaða er að annast þjónustu er snýr að sölu og miðlun verðbréfa, viðskiptavakt, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu.

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir

Hrefna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi frá Tryggingaskólanum og löggildingarprófi í verðbréfa- viðskiptum. Hrefna hóf störf hjá Landsbankanum 2010.



Fjármál

Fjármál bera ábyrgð á fjárstýringu bankans, reikningshaldi og áætlanagerð. Undir sviðið heyra einnig Lögfræðideild og Endurúrreikningur lána.

Hreiðar Bjarnason

Hreiðar er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, er með MSc gráðu í fjármálafræðum frá London Business School og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Hreiðar hefur starfað í Landsbankanum frá 1998. Hreiðar er staðgengill bankastjóra.



Þróun og mannaúður

Meginhlutverk Þróunar & mannaúðs er að leiða framþróun og breytingar í bankanum og styðja við aðrar einingar við innleiðingu á stefnu bankans.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Jensína er með BSc-gráðu í auglýsingafræðum frá San Jose State University og lauk MBA-prófi með áherslu á neytendahegðun og markaðsfræði frá University of San Diego 1995. Jensína hóf störf hjá Landsbankanum 2010.



Áhættustýring

Áhættustýring ber ábyrgð á greiningu áhættu og eftirliti með henni og gegnir enn fremur veigamiklu hlutverki í útlánaferli bankans.

Perla Ösp Ásgeirsdóttir

Perla er með MSc-gráðu í fjármálum frá Háskólanum í Reykjavík. Perla hóf störf hjá Landsbankanum sem forstöðumaður Áhættustýringar 2010 og varð framkvæmdastjóri Áhættustýringar síðar sama ár.



Rekstur og upplýsingatækni

Undir sviðið heyra fimm deildir sem eiga það sameiginlegt að koma að rekstri og innviðum bankans. Þetta eru Upplýsingatækni, Viðskiptaumsjón, Lánaumsjón, Eignadeild og Fullnustudeild (Hömlur).

Ragnhildur Geirsdóttir

Ragnhildur lauk CS-prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 1995, MSc-prófi í iðnaðarverkfræði frá University of Wisconsin, Madison 1996 og MSc-prófi í viðskiptafræði frá sama skóla 1998. Ragnhildur hóf störf í Landsbankanum 2012.

Landsbankinn þinn

Landsbankinn ætlar að bjóða alhliða fjármálaþjónustu sem mætir þörfum viðskiptavina sinna, hann ætlar að vera hreyfiafl og starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Framtíðarsýn bankans er að vera til fyrirmyndar og hlutverk hans er að vera traustur samherji í fjármálum. Bankinn vill að viðskiptavinir hans geti sagt: „Svona á banki að vera!“

Stefna og lykilmarkmið

Stefna Landsbankans hvílir á fjórum meginstoðum: Ávinningi samfélags og eigenda, ánægðum viðskiptavinum, traustum innviðum og öflugri liðsheild.




Ábyrg markaðssókn

Landsbankinn hefur það að markmiði að skapa gagnkvæman ávinning og styrkja langtímasamband sitt við viðskiptavini.


Þróun í bankastarfsemi

Gríðarlega miklar breytingar hafa orðið á því hvernig fólk á samskipti við bankann sinn. Um 85% allra samskipta við banka eru nú rafræn og heimsóknnum í útibú hefur því fækkað hratt á síðustu árum.



Árið 2015 í hnotskurn


Mikið var um að vera í Landsbankanum á árinu 2014. Má þar helst nefna að lánshæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's gaf bankanum lánshæfiseinkunnina BB+ með jákvæðum horfum, samkomulag við LBI um breytingu á skilmálum skuldabréfa öðlaðist gildi og bankinn var valinn besti bankinn á Íslandi af fagtímaritinu Global Finance. Hér fyrir neðan má finna yfirlit yfir helstu atburði ársins.



Fyrsti ársfjórðungur


- » Standard & Poor's gefur Landsbankanum láns-hæfiseinkunnina BB+ með stöðugum horfum
- » Landsbankinn býður verðtryggð íbúðalán með föstum vöxtum og fellir niður lán-tökugjald við fyrstu kaup
- » Landsbankinn nýr bakhjarl Skólahreysti
- » Landsbankinn hélt fund um fjárfestingartækifæri í sjávarútvegi

- » Hagnaður Landsbankans 28,8 milljarðar króna árið 2013
- » Niðurstöður aðalfundar Landsbankans 2014
- » Landsbankinn stækkar flokk sértryggðra skuldabréfa
- » Landsbankinn valinn besti bankinn á Íslandi af Global Finance
- » Nýtt skipulag útibúa á höfuðborgarsvæðinu



Annar ársfjórðungur


- » Landsbankinn opnar Fyrirtækjamiðstöð í Borgatúni
- » Helgi Þór Arason ráðinn framkvæmdastjóri Landsbréfa
- » Samkomulag Landsbankans og LBI um breytingar á skilmálum skuldabréfa undirritað
- » Landsbankinn hagnast um 4,3 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2014
- » Ellefu starfsmenn fá vottun sem fjármálaráðgjafar
- » Landsbankinn selur 9,9% hlut í FSÍ slhf. og 27,6% hlut í IEI slhf.



Þriðji ársfjórðungur

- » Lífleg fjármálafræðsla í Bæjarbíó
- » Landsbankinn hagnast um 14,9 milljarða króna á fyrri helmingi ársins 2014
- » Fagtímaritið The Banker metur stöðu íslenskra banka sterka í alþjóðlegum samanburði
- » Landsbankinn stoltur bak-hjarl Hinsegin daga
- » Fjölmenni í Landsbankanum á Menningarnótt
- » Landsbankinn skráir EMTN skuldabréfaramma í kauphöll á Írlandi
- » Landsbankinn gefur út nýjan flokk sértryggðra skuldabréfa, LBANK CB 19
- » Áframhaldandi hagræðing í Landsbankanum
- » Stefnumarkandi verkefni í ferðaþjónustu

- » Landsbankinn hélt ráðstefnu um íbúðalán með yfirskriftinni „Er danska leiðin sú rétta?“
- » Traustur samherji Íslensku sjávarútvegssýningarinnar í 30 ár



Fjórði ársfjórðungur

- » Samstarfssamningur við KSÍ
- » Standard & Poor's breytir horfum Landsbankans úr stöðugum í jákvæðar
- » Landsbankinn gefur út sértryggð skuldabréf
- » Landsbankinn heldur vel sóttan fund um fjárfestingartækifæri í verslun og þjónustu
- » Landsbankinn þátttakandi í Arctic Circle ráðstefnunni um framtíð norðurslóða
- » Landsbankinn stækkar flokk sértryggðra skuldabréfa

- » Landsbankinn styrkir landsamtökin Spítalinn okkar
- » Landsbankinn hagnast um 20 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2014
- » Ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins varðandi verðtryggingarákvæði í skuldabréfi
- » Kauptilboð í Promens lagt fram
- » Landsbankinn tilnefndur sem markaðsfyrirtæki ársins
- » Nýtt landslag á kortamarkaði: Landsbankinn selur eignarhlut sinn í Borgun hf. og Valitor hf.
- » Samkomulag Landsbankans og LBI um breytingu á skilmálum skuldabréfa öðlast gildi
- » Landsbankinn stækkar flokk sértryggðra skuldabréfa
- » Nýr netbanki einstaklinga opnaður
- » Landsbankinn fyrirmyndar-fyrirtæki í stjórnarháttum
- » Landsbankinn styður áfram við Ísland allt árið

Stefna og lykilmarkmið

Landsbankinn hefur á undanförnum árum markvisst fylgt þeirri stefnu sem mörkuð var árið 2010. Stefnan sem þá var mótuð náði til ársins 2015 og tók mið af þeim verkefnum sem við blöstu á þeim tíma. Staða hagkerfisins, bankans og viðskiptavina hans kallaði á mikið og metnaðarfullt starf.

Landsbankinn þinn 2010–2015

Framtíðarsýn Landsbankans er að vera til fyrirmyndar og hlutverk hans er að vera traustur samherji viðskiptavina og hreyfiafl í samfélaginu. Stefna Landsbankans ber yfirheitið „Landsbankinn þinn“ og hvílir á fjórum meginstöðum:

— HLUTVERK —
**TRAUSTUR
SAMHERJI
í fjármálum**

Stoðir stefnunnar

Öflug liðsheild

Traustir innviðir

Ánægðir viðskiptavinir

Ávinningur samfélags
og eiganda

Ávinningur samfélags og eigna vísar til þess að hluthafar hafi fjárhagslegan hag af eign sinni í bankanum og samfélagið allt njóti ávinnings af velgengni hans og styrk.

Ánægðir viðskiptavinir vísar til gagnkvæms ávinnings af langtímasambandi við viðskiptavinini og fjárhagslegrar endurskipulagningar þeirra.

Traustir innviðir vísar til vandaðra stjórnarháttanna, áherslu á gæði eigna með virkri áhættustjórnun, fjárhagslegs styrks og aga í rekstri.

Öflug liðsheild vísar til mannauðs og hugarfars, að bankinn hafi á að skipa öflugum, metnaðarfullum og samheldnum hópi starfsfólks.

Afkoma ríkisins af eignarhlut í Landsbankanum

Ríkið lagði Landsbankanum til 122 milljarða króna við stofnun bankans haustið 2008. Þá eignaðist ríkið 81,33% hlut í bankanum en breyting varð á eignarhaldi Landsbankans frá og með 11. apríl

Þróun eignarhlutar ríkisins	
Upphafleg fjárfesting	-122.000
Verðmæti eignarhlutar nú*	248.822
Virðisbreyting	126.822
Greiddir vextir	-48.847
Móttekinn arður	29.375
Núvirðing vaxta- og arðgreiðslna	-8.717
Hreinn fjármagnskostnaður	-28.189
Hrein afkoma ríkisins	98.633

* Miðað við bókfært virði eiginfjár Landsbankans hf.
Allar tölur í milljónum króna

2013 þegar 18,67% hlutur sem var í eigu Landskila fyrir hönd slitastjórnar LBI hf. rann til íslenska ríkisins og Landsbankans hf. í samræmi við samkomulag þessara aðila frá desember 2009.

Við sama tækifæri gaf Landsbankinn hf. út skuldabréf til LBI hf. að andvirði 92 milljarðar króna

í erlendra mynt. Bréfið var hluti af kaupverði þeirra eigna sem Landsbankinn keypti af LBI hf. Íslenska ríkið eignaðist því stóran hlut í bankanum án þess að greiðsla kæmi fyrir og á nú 97,9% hlut í bankanum. Hlutdeild ríkisins í bókfærðu eigin fé bankans hefur aukist um 126,8 milljarða króna frá stofnun hans og ávinningur



ríkisins er því 98,6 milljarðar króna þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnskostnaðar ríkisins og arðgreiðslna bankans.

Landsbankinn fylgir stefnu sinni eftir með skýrri markmiðasetningu þar sem sett eru fram metnaðarfull og mælanleg lykilmarkmið sem tengjast stöðunum fjórum sem stefnan byggir á.

Þessi markmið eru endurskoðuð árlega sem og þær áherslur og þau verkefni sem miða að innleiðingu stefnunnar. Að mati bankans hefur innleiðingin gengið vel þó ekki hafi tekist að ná öllum fimm lykilmarkmiðum ársins.

Markmið um góða arðsemi styrkir stöðina um ávinning samfélags og eigenda. Markmið bankans var að arðsemi eiginfjár eftir skatta væri á bilinu 10 til 15%. Á árinu 2014 var arðsemi eiginfjár 12,5% sem verður að teljast gott í ljósi þess hversu mikið eigið fé Landsbankans er. Eiginfjárlutfall bankans (CAR) mælist nú 29,5% sem er langt umfram þær kröfur sem eftirlitsaðilar gera og eitt það hæsta sem þekkist í veröldinni, þrátt fyrir að bankinn hafi á árinu 2014 greitt um 20 milljarða króna í arð til eigenda sinna.

Til að fylgjast með ánægju viðskiptavina sinna styðst bankinn við viðhorfskönnun sem framkvæmd er af ytri aðila. Könnunin tekur til ellefu atriða á fimm punkta kvarða sem sett eru saman í eina vísitölu, svokallaða CE11 vísitölu.

Ánægja viðskiptavina hefur vaxið á undanförnum árum en markmið ársins var að ná einkunninni 3,8. Undir lok ársins var bankinn rétt undir því markmiði.

Til að fylgja eftir stefnu um trausta innviði setti bankinn sér tvö lykilmarkmið. Annars vegar

um hagkvæman rekstur þar sem markmið ársins var að hlutfall kostnaðar af tekjum án virðisbreytinga útlána væri undir 48%. Vegna töluverðrar lækkunar á vaxtamun náðist það markmið ekki og tókst bankanum því ekki að fylgja eftir góðum árangri ársins 2013. Hitt markmiðið gekk út á gæði eigna með tilliti til útlánataps og markaðsáætlu. Það markmið náðist á árinu með samstilltu átaki starfsmanna.

Til að fylgjast með stöðinni öflugri liðsheild mælir Landsbankinn reglulega viðhorf starfsfólks til bankans með aðstoð ytri aðila.



Mikil áhersla er lögð á þjálfun og fræðslu til starfsmanna, sem og árlegt frammistöðumat sem skil að hefur góðum árangri. Starfsánægja innan bankans mældist 4,30 á árinu en markmið bankans er að starfsánægja mælist á styrkleikabili, 4,20 eða hærri.

Stefnumótun til 2020

Frá þeim tíma sem Landsbankinn setti sér þá stefnu sem að framan er lýst hafa margar breytingar orðið. Staða bankans og viðskiptavina hans hefur breyst auk þess sem verkefni og áskoranir eru ekki þær sömu. Því var talið tímbært að móta stefnu og áherslur að nýju og er þeirri stefnumótun nú lokið með aðstoð alþjóðlegs ráðgjafafyrirtækis.

Ný stefna er eðlilegt framhald þeirrar sem fyrir var, en um leið felur hún í sér miklar breytingar og ögrandi viðfangsefni fyrir starfsfólk. Viðskiptavinir Lands-

bankans eiga að finna að með bankanum nái þeir árangri og að þeir njóti gagnkvæms ávinnings.

Landsbankinn ætlar að bjóða alhliða fjármálaþjónustu sem mætir þörfum viðskiptavina sinna. Hann ætlar að vera hreyfiafl og starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Eins og áður hefur Landsbankinn þá framtíðarsýn að vera til fyrirmyndar og hlutverkið er að vera traustur samherji í fjármálum. Bankinn vill að viðskiptavinir hans geti sagt: „Svona á banki að vera!“

Í nýrri stefnu er lögð áhersla á að veita viðskiptavinum fyrirmynd-

SÝN
Landsbankinn
ER TIL FYRIRMYNDAR

arþjónustu, þróa rafræna þjónustu með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi, auka skilvirkni stöðeinginga, móta nútímalegra tækniumhverfi og tryggja hagkvæmni í efnahagsreikningi. Þá verður sérstök áhersla lögð á árangursmiðaða menningu innan bankans.

Ný stefna verður kynnt á aðalfundi fyrir árið 2014 og verða nánari upplýsingar gerðar aðgengilegar á vef bankans.

Ábyrg markaðssókn

Landsbankinn leggur áherslu á að vera samherji viðskiptavina í fjármálum. Hann stundar ábyrga markaðssókn með það að markmiði að skapa gagnkvæman ávinning og styrkja langtímasamband sitt við viðskiptavini. Lykilþáttur í slíku sambandi er gott vöruframboð og góð þjónusta. Markaðsaðgerðir bankans á árinu einkenndust af þessu markmiði.

Markaðshlutdeild Landsbankans heldur áfram að aukast og er mjög sterk. Samkvæmt ytri könnun mælist markaðshlutdeild bankans á einstaklingssviði 34% í árslok 2014 og hafði þá hækkað um 2 prósentustig frá fyrra ári og um 6 prósentustig frá árinu 2010. Marktækur munur mælist á hlutdeild Landsbankans og annarra banka. Á sama hátt mælist markaðshlutdeild bankans á fyrirtækjamarkaði um 31%.

Innlán


Veigamesta fjármögnun Landsbankans felst í innlánnum frá viðskiptavinum og námu þau 551,4 milljörðum króna í lok árs 2014 og er stærstur hluti þeirra óverðtryggður og óbundinn. Verðtryggð innlán námu 97 milljörðum króna í árslok 2014 og lækka um fimm milljarða milli ára. Bankinn er með 36% markaðshlutdeild í innlánnum einstaklinga og 26% í innlánnum fyrirtækja og lögaðila.

Bankinn er með 36% markaðshlutdeild í innlánnum einstaklinga og 26% í innlánnum fyrirtækja.

Útlán

Útlán jukust um 5,5% á árinu og voru í árslok 718 milljarðar króna. Aukningin stafar fyrst og fremst af mikilli eftirspurn eftir íbúðalánum. Ný útlán til viðskiptavina árið 2014 eru 162 milljarðar króna, en að teknu tilliti til afborgana, virðisbreytinga og fleiri þátta hækka heildarútlán um 38 milljarða á árinu. Landsbankinn er með 29% markaðshlutdeild í útlánnum til einstaklinga og 41% markaðshlutdeild í útlánnum til fyrirtækja.

Skipting lánasafns um áramót




Útlán til einstaklinga

Útlánnum til einstaklinga er skipt í þrjá meginflokka: íbúðalán, neyslulán og fjárfestingalán. Lán sem ekki falla í þessa þrjá flokka teljast síðan til aukaflokksins önnur lán.

Útlánastarfsemi til einstaklinga á árinu 2014 gekk vel. Mestu munar um góðan gang í íbúðalánum Landsbankans, en þau telja nú 66% af útlánnum til einstaklinga.

Markaðshlutdeild bankans í nýjum íbúðalánum til einstaklinga var tæplega 42% á árinu 2014, sem er umtalsvert meira en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Um 6% útlána til einstaklinga eru fjárfestingalán, einkum bílalán, um 11% neyslulán og um 17% annars konar lán. Á bílalánamarkaði var aukningin mest í nýjum útlánnum til fyrirtækja en



útlán til einstaklinga voru samþærileg við árið áður. Markaðshlutdeild Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans var áætluð 43% í árslok 2014.

Þá lauk leiðréttingu endurútreiknings gengistryggðra bílalána einstaklinga á árinu.

Útlán til fyrirtækja og sveitarfélaga

Landsbankinn er áfram leiðandi á flestum sviðum þegar kemur að útlánnum til fyrirtækja, t.d. í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og orkufrekum iðnaði. Landsbankinn hefur efnt til samstarfs við fyrirtæki og hagsmunaaðila um ábyrga uppbyggingu í atvinnulífinu. Á árinu 2014 kom bankinn á fót viðamiklu verkefni í samvinnu við Samtök iðnaðarins um umbætur í fjármálaþjónustu fyrir ný tækifyrirtæki. Fyrirtækjamiðstöð Landsbankans í Borgartúni sinnir minni og meðalstórum fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Með því að sameina þjónustu við fyrirtæki undir einu þaki eflir bankinn þjónustu sína og er ennþá betur í stakk búinn til að styðja við bakið á íslenskum fyrirtækjum.

Sjávarútvegur hefur alla tíð skipað sérstakan sess hjá Lands-

bankanum og er samofinn sögu hans frá upphafi. Sjávarútvegurinn og atvinna tengd honum eru burðarstoðir í íslensku atvinnulífi, en jafnframt sú grein þar sem tækifæri til nýsköpunar, þróunar og framfara eru hvað mest.

Landsbankinn vill halda áfram að taka virkan þátt í þessari þróun í samræmi við þá stefnu bankans að vera hreyfiafl í samfélaginu og styðja við ný verkefni sem auka enn frekar veg sjávarútvegs og samfélagsins.

Landsbankinn er með um 40% markaðshlutdeild í útlánum til sjávarútvegs og fimmtungur af útlánasafni bankans er til sjávarútvegs.

Á síðasta ári kom bankinn að fjölda stórra fjárfestingarverkefna í sjávarútvegi, s.s. við fjármögnun á skipakaupum, kaup á félögum og veitingu ábyrgða vegna smíði á nýjum ísfisktogurum í Tyrklandi.



Ferðaþjónustan hefur eflst jafnt og þétt undanfarin ár og er orðin þriðja meginstoð íslensks útflutnings ásamt sjávarútvegi og stóriðju. Þessi þróun hefur falið í sér auknar fjárfestingar og uppbyggingu í greininni.

Landsbankinn hefur lagt mikla áherslu á að taka þátt í vexti ferðaþjónustunnar með öflugum samstarfi við mörg af helstu ferðaþjónustufyrirtækjum á landinu.

Bankinn hefur einnig tekið þátt í verkefninu Ísland allt árið með stofnun og starfrækslu þróunar-sjóðs í samstarfi við atvinnu-vegaráðuneytið. Á árinu stóð Landsbankinn fyrir stefnumót-unarvinnu í ferðaþjónustu ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF) þar sem lögð var áhersla á langtímahugsun í greininni. Bankinn hélt fjölmenna ráðstefnu á árinu í Hörpu með yfirskrift-inni „Er vöxtur í ferðaþjónustu sjálfsagður?“ og Hagfræðideild bankans gaf við það tilefni út greiningu á ferðaþjónustunni. Landsbankinn fjármagnaði fjöl-margar byggingar á hótélum á árinu 2014 og má sjá upplýsingar um lykilverkefni hér að neðan.

Markaðir

Landsbankinn leggur áherslu á að taka öflugan þátt í þeirri uppbyggingu sem á sér stað á



íslenskum verðbréfamarkaði. Landsbankinn var stærsti bankinn á skuldabréfamarkaði í Kauphöll á Íslandi á árinu með 23% hlutdeild. Þá var bankinn næst stærstur á hlutabréfamarkaði með 23,5% hlutdeild.

Markaðir önnuðust ýmis verkefni er tengjast skulda- og hlutabréfa-mörkuðum á árinu 2014. Þar má nefna umsjón með sölu á 5,54%

hlut Stoða í TM, 7% hlut Fram-takssjóðs Íslands í Icelandair og 20,9% hlut í N1. Markaðir höfðu umsjón með endurkaupaáætlun Fjarskipta og með skráningu á nýjum skuldabréfaflokki Greiðslumiðlunar Hrings ehf. í Kauphöll. Þá skrifaði bankinn undir samning um viðskiptavakt með hlutabréf Eimskips og Sjóvá á árinu.

Hótelbyggingar fjármagnaðar af Landsbankanum árið 2015: Fjöldi herbergja

144	Hótel Icelandair á Hljómalindarreit við Smiðjustíg og Hverfisgötu
100	Hótel Keahótela við Hverfisgötu 103 í Reykjavík
90	Hótel við Þórunnartún í Reykjavík
80	Viðbygging við Lykilhótel Klett við Mjólnisholt
60	Viðbygging við Icelandair Hotel Marina við Mýrargötu
60	Icelandair hótel við Hafnarstræti í Reykjavík
36	Hótel í Húsafelli

Umfang eignastýringarstarfsemi jókst á árinu, líkt og undanfarin ár. Heildareignir í stýringu hjá samstæðu Landsbankans námu um 280 milljörðum króna í árslok, og þjónustutekjur jukust um 12% frá fyrra ári. Landsbankinn er helsti söluaðili verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Landsbréfa

og var veruleg aukning í nýsölu sjóðanna á árinu. Góður gangur var í sölu á viðbótarlífeyrissparnaði, en alls voru gerðir um 7.000 samningar á árinu. Þá var stefna Landsbankans um ábyrgar fjárfestingar innleidd í verklag eignastýringar.

Góður gangur var í sölu á viðbótarlífeyrissparnaði hjá Landsbankanum. Samtals voru gerðir tæplega 7.000 samningar á árinu 2014.

Þróun í bankastarfsemi

Viðskiptavinir kjósa í síauknum mæli að nýta sér rafræn samskipti við banka, enda hefur tæknilausnum í bankaþjónustu fleygt gríðarlega fram á síðustu árum. Þessi þróun endurspeglast í breytingum á útibúaneti Landsbankans og auknu framboði á sjálfsafgreiðslulausnum svo sem netbönkum, hraðbönkum og farsímalausnum.

Landsbankinn vinnur stöðugt að umbótum á starfsemi sinni, m.a. til að svara kröfum samtímans um bankaþjónustu og með það fyrir augum að hagræða þar sem því verður við komið og leggja niður óhagkvæmar einingar ef þarf án þess að því fylgi umtalsverð skerðing á þjónustu. Breytingar síðustu ára snúa annars vegar að aukinni skilvirkni og einföldun á vinnulagi og hins vegar að hagræðingu vegna þess að stórum verkefnum, t.d. fjárhagslegri endurskipulagningu viðskiptavina, er að ljúka og staða bæði heimila og fyrirtækja fer batnandi jafnt og þétt. Síðast en ekki síst eru þessar breytingar svar við þeirri þróun í bankastarfsemi að viðskiptavinir kjósa í síauknum mæli að nýta sér rafræn samskipti við banka.

Tæknilausnum í bankaþjónustu hefur fleygt gríðarlega fram og samgöngur innanlands verða æ betri. Sú breyting sem orðið

Sú breyting sem orðið hefur á útibúaneti Landsbankans skýrist að stórum hluta af breytingum á viðskiptaháttum, en um 85% allra samskipta viðskiptavina við banka eru nú rafræn og heimsóknunum í útibú hefur því fækkað hratt á síðustu árum.


hefur á útibúaneti Landsbankans skýrist að stórum hluta af breytingum á viðskiptaháttum en um 85% allra samskipta viðskiptavina við banka eru nú rafræn og heimsóknunum í útibú hefur því fækkað hratt á síðustu árum.

Þau útibú sem eftir standa eru stærri en þau sem fyrir voru og geta veitt betri og viðtækari þjónustu. Þetta hefur m.a. leitt til fækkunar stöðugilda um tæplega

200 á undanförunum árum og sú fækkun hefur að langstærstum hluta byggst á eðlilegri starfsmannaveltu, þar sem ekki er ráðið í störf sem losna eða starfsmenn hætta vegna aldurs.

Rafræn viðskipti

Nýr netbanki einstaklinga var tekinn í notkun í lok árs 2014. Netbankinn var endurhannaður frá grunni, með nýju viðmóti, nýrri uppbyggingu og nýjum notkunarmöguleikum, með það fyrir augum að bjóða upp á aðgengilegri, einfaldari og þægilegri netbanka. Endurhönnunin byggir á ítarlegum notkunarmælingum og viðmótið var einfaldað mikið og algengustu og mikilvægustu aðgerðirnar gerðar aðgengilegri. Netbankinn var valinn besta þjónustusvæðið þegar Íslensku vefverðlaunin voru afhent í janúar 2015. Notkun




netbanka einstaklinga og farsímabanka Landsbankans – L.is – hefur aukist ár frá ári. Sífellt fleiri nota spjaldtölvur og snjallsíma til að sinna bankaviðskiptum. Í nýja netbankanum eru letur, töflur og innsláttarreitir nægilega stór til að þægilegt sé að nota hann í spjaldtölvum og öðrum minni tækjum. Farsímabankinn er þó

enn fyrsti valkostur viðskiptavina þegar kemur að því að stunda bankaviðskipti í símanum.

Ýmsar lagfæringar hafa enn fremur verið gerðar á netbanka fyrirtækja og nýir valmöguleikar kynntir til sögunnar. Í þeirri umbótavinnu hefur megináhersla verið lögð á að auka framboð á

Notkun netbanka einstaklinga og farsímabanka Landsbankans hefur aukist ár frá ári. Sífellt fleiri nota spjaldtölvur og snjallsíma til að sinna bankaviðskiptum.



Skýrslurnar eru fyrsta skrefið í átt til þess að auka vægi stjórndaupplýsinga í netbankanum.

viðeigandi upplýsingum og bæta framsetningu þeirra. Í þessum tilgangi hefur svonefndum tölfræðiskýrslum nýlega verið bætt inn í netbanka fyrirtækja. Þar er um að ræða myndræna framsetningu á tölfræðilegum gögnum um kröfusaftn viðskiptavinar. Notendur geta stjórnað framsetningu gagnanna með einföldu stjórnborði. Skýrslurnar eru fyrsta skrefið í átt til þess að auka vægi stjórndaupplýsinga í netbankanum.

Nýtt skipulag útibúa á höfuðborgarsvæðinu

Nýtt skipulag útibúa á höfuðborgarsvæðinu tók gildi fyrra hluta árs 2014. Það felur í sér að öll útibú á höfuðborgarsvæðinu eru nú einstaklingsútibú. Höfuðborgarsvæðinu hefur verið skipt upp í þrjú markaðssvæði og er svæðisstjóri yfir hverju þeirra. Landsbankinn opnaði nýtt útibú við Hagatorg í Reykjavík á vetrarmánuðum 2014 og er það hið fyrsta sinnar tegundar á landinu. Meginbreytingin fólst í því að hefðbundin gjaldkerapjónusta var lögð af en öll áhersla lögð á faglega, persónulega fjármálaþjónustu. Allri meðferð reiðufjár

var beint í sjálfsafgreiðsluvélar. Viðskiptavinum hefur fjölgað við þessar breytingar.

Reglulegar þjónustukannanir sýna að viðskiptavinir eru almennt mjög ánægðir með þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Taflan hér að ofan sýnir niðurstöður þjónustumælinga fyrir tímabilið mars til desember 2014. Tölurnar í fyrsta dálknum sýna þróun mælinga hjá Vesturbæjarútibúi, næsti dálkur þar til hægri sýnir meðaltal útibúa Vestursvæðis og dálkurinn lengst til hægri sýnir meðaltal allra útibúa Landsbankans sem mæld eru.

Þjónustumælingar 2014-2015	Vesturbær	Vestursvæði	Meðaltal allra útibúa
Mars 2014	85,6	85,6	85,6
Apríl	80,0	80,0	80,0
Maí	85,2	70,4	72,4
Júní	96,9	92,6	92,6
Ágúst	85,9	84,8	86,2
September	95,2	95,2	85,3
Október	96,9	92,4	87,0
Nóvember	96,8	96,8	86,4
Desember	92,2	86,5	73,6
Janúar 2015	84,0	77,3	84,0
Febrúar	92,0	89,2	81,3

Þetta nýja fyrirkomulag gefur bankanum kost á að bjóða fyrirtækjum umfangsmeiri ráðgjöf en áður og afgreiða erindi þeirra hraðar.

Ný Fyrirtækjamiðstöð

Samhliða þeim breytingum sem gerðar voru á skipulagi útibúa á höfuðborgarsvæðinu var opnuð ný Fyrirtækjamiðstöð fyrir minni og meðalstór fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu að Borgartúni 33 í Reykjavík. Öll viðskipti fyrirtækja,

sem voru áður í útibúum, fluttust yfir í hina nýju Fyrirtækjamiðstöð. Þetta nýja fyrirkomulag gefur bankanum kost á að bjóða fyrirtækjum umfangsmeiri ráðgjöf en áður og afgreiða erindi þeirra hraðar. Aðgengi að sérfræðingum er betra og áhersla er lögð á að ljúka málum með einni heimsókn.

Nýtt landslag á kortamarkaði


Landsbankinn hefur unnið að breytingum á kortamálum sem ætlað er að einfalda og bæta þjónustu við viðskiptavinum. Breytingarnar fela meðal annars í

sér að bankinn hefur selt minnihlutaeign sína í bæði Valitor og Borgun. Landsbankinn hættir útgáfu Mastercard-korta og mun í kjölfarið eingöngu bjóða viðskiptavinum sínum Visa kort. Samhliða þessum breytingum hefur bankinn samið beint við Visa Europe og miðar sá samningur að því að efla þjónustu bankans við viðskiptavinum með nýjum og betri lausnum. Landsbankinn hyggst breyta kortafyrirkomulagi sínu verulega og bjóða þannig mun einfaldari og þægilegri þjónustu og nýjar lausnir fyrir viðskiptavinum í framtíðinni.

Mannauður og samfélag

Landsbankinn ætlar sér veigamikið hlutverk í uppbyggingu velferðar til framtíðar í íslensku samfélagi. Til þess að uppfylla það hlutverk svo fullnægjandi sé, verður bankinn að sinna samfélagsábyrgð sinni af heiðarleika og hreinskilni.


Landsbankinn hefur á stefnuskrá sinni að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem metnaður, frumkvæði og hæfileikar starfsfólks fá notið sín.



Mikilvægasta hlutverk Landsbankans er að tryggja ábyrgan rekstur. Tryggja þarf að starfsemi sé í fullri sátt við samfélagið um leið og arðsemi sé viðunandi fyrir hluthafa. Þannig rennur ávinningur til bæði samfélags og eigenda.

Stuðningur og styrkir

Landsbankinn styður fjölmörg samfélagsverkefni með beinum fjárframlögum og samstarfssamningum.



Samstarfsverkefni

Landsbankinn tekur virkan þátt í mörgum samstarfsverkefnum með samfélagslega skírskotun. Verkefnin eru fjölbreytt og snerta margar hliðar samfélagsins, s.s. menningu, fræðslu, nýsköpun og ferðaþjónustu.

Mannauður

Landsbankinn hefur á sinni stefnuskrá að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem metnaður, frumkvæði og hæfileikar starfsfólks fá notið sín. Öflugir og sterkir stjórnendur gegna lykilhlutverki í þessari framtíðarsýn, bæði sem virkir þátttakendur og fyrirmyndir.

Mannauðsstefna

Mannauðsstefnan endurspeglar áherslu bankans á gott starfsumhverfi þar sem starfsánægja og öflug þekkingarmiðlun er í hávegum höfð. Stefnan gefur einnig greinargóðar vísbendingar um hvernig fyrirtækjamenningu bankinn leitast við að byggja upp til að festa í sessi fyrirmyndar starfshætti sem starfsfólk getur sameinast um.

Frammistöðusamtöl


Í Landsbankanum er notast við frammistöðumatskerfi. Árlega á hver starfsmaður frammistöðu-

Hlutfall starfsmanna - samstæða

	Karl	Kona	Samtals
Höfuðborgarsvæðið	36%	46%	82%
Landsbyggðin	3%	14%	18%
Samtals	39%	61%	100%

Hlutfall starfsmanna eftir aldri og kyni

	Karl	Kona	Samtals
Undir 30 ára	5%	6%	11%
30-50 ára	25%	32%	57%
Yfir 50 ára	9%	23%	31%
Samtals	39%	61%	100%



samtal við sinn yfirmann og fær skýra umsögn um vinnu sína, endurgjöf um það sem vel hefur gengið og það sem betur mætti fara. Þungamiðja samtalsins er markmiðasetning þar sem línurnar eru lagðar fyrir næsta misseri. Samkvæmt vinnustaðagreiningu eru starfsmenn ánægðir með samtölin og telja þau skila árangri.

Vinnustaðagreining og Bankapúls

Landsbankinn framkvæmir ítarlega vinnustaðagreiningu á fyrsta fjórðungi hvers árs og aðra viðaminni um haustið. Sú síðarnefnda kallast Bankapúlsinn og er ætlað að fylgja eftir þeim umbótamarkmiðum sem sett eru í kjölfar vinnustaðagreiningarinnar.

Saman gefa þessar kannanir mikilvægar vísendingar um viðhorf starfsmanna til vinnustaðar síns og starfsánægju þeirra.

Niðurstöður vinnustaðagreiningar og Bankapúls hafa jafnan

sýnt að starfsfólk er ánægt með Landsbankann sem vinnustað, aðbúnaður er góður og liðs-heildin sterk. Samhliða vinnustaðagreiningunni er framkvæmt stjórnendamat og hafa niðurstöður þess jafnan verið Landsbankanum til sóma.

Landsbankinn hefur unnið markvisst að jafnréttismálum í gegnum tíðina og hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC. Bankinn leggur áherslu á að tryggja jafnrétti í launum og starfstækifærum og er gullmerki PwC mikilvæg staðfesting á stöðu jafnréttismála í bankanum og er jafnframt hvatning til að viðhalda þeirri stöðu til framtíðar.


Megináherslur jafnréttisstefnu



- » Í Landsbankanum eiga karlar og konur jafna möguleika til starfa og stjórnarsetu.

- » Landsbankinn stefnir að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsmanna bankans og forðast að skilgreina störf sem karla- eða kvennastörf.
- » Landsbankinn greiðir körlum og konum sömu laun fyrir jafn verðmæt störf.
- » Landsbankinn leggur áherslu á að starfsmenn geti samræmt vinnu sína og einkalíf.
- » Í Landsbankanum er þess gætt að bæði kyn hafi jöfn tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
- » Í Landsbankanum líðast hvorki einelti, fordómar né kynferðisleg áreitni.

Forvarnir gegn einelti

Endurnýjuð áætlun Landsbankans gegn einelti og kynferðislegri áreitni var samþykkt í ársbyrjun 2014. Rík áhersla er lögð á





Fræðslustarf í tölum

87%	Hjá Landsbankanum telja 87% starfsfólks sig fá þá fræðslu og þjálfun sem þeim er nauðsynleg til að standa sig vel í starfi.*
80%	Hjá Landsbankanum eru 80% starfsfólks ánægð eða mjög ánægð með fræðslu og þjálfun innan bankans.*
98%	Hjá Landsbankanum eru 98% starfsfólks ánægð með þjónustu fræðsluteymis**
225	Árið 2014 voru 225 fræðsluviðburðir á dagskrá hjá Landsbankanum.
264	Árið 2014 nýttu 264 starfsmenn árlegan styrk til að sækja námskeið.
97	97 starfsmenn fengu styrk til að stunda nám samhliða starfi á árinu.
4	Hver starfsmaður Landsbankans sótti að meðaltali fjóra fræðsluviðburði árið 2014.

* Samkvæmt vinnustaðagreiningu Capacent Gallup 2014

** Samkvæmt innri þjónustukönnun Landsbankans 2014

opinskáa umræðu um eineltis- og áreitnismál og skýr viðbragðsáætlun er lögð til grundvallar meðhöndlunar á slíkum málum.

Hjá Landsbankanum starfar hæft og reynslumikið starfsfólk og fjöldi þess hefur unnið lengi hjá bankanum. Langflesta starfsmenn er að finna á höfuðborgarsvæðinu.

Fræðslustarf

Hjá Landsbankanum er litið á hæfni og fagþekkingu starfsfólks sem nauðsynlega forsendu árangurs. Markviss fræðslustefna, fjölbreytt námskeið og hvatning til símenntunar sýna að Landsbankinn er til fyrirmyndar í fræðslustarfi fyrir starfsmenn.

Árið 2014 var bankinn eitt fjögurra fyrirtækja sem tilnefnd voru til Menntaverðlauna atvinnulífsins. Á árinu hlaut fræðslustarf bankans jafnframt gæðavottun skv. viðmiðum European Quality Mark (EQM) sem veitt er af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

40 leiðbeinendur, verktakar og ráðgjafar og 76 starfsmenn komu að kennslu á árinu.

Samfélagsleg ábyrgð

Mikilvægasta hlutverk Landsbankans er að tryggja ábyrgan rekstur. Tryggja þarf að starfsemi sé í fullri sátt við samfélagið og um leið að arðsemi sé viðunandi fyrir hluthafa. Þannig rennur ávinningur til bæði samfélags og eigenda. Samfélagsábyrgð er því veigamikill þáttur í starfi Landsbankans og rík áhersla er lögð á að hún sé samþætt stefnumörkun bankans í heild.

Landsbankinn leggur áherslu á að viðskiptavinir og aðrir sem starfsemi bankans snertir geti verið vissir um að í rekstri hans sé fullnægjandi tillit tekið til umhverfisþátta, félagslegra þátta og viðmiða um góða stjórnarhætti fyrirtækja. Með þessu horfir Landsbankinn til framtíðar en byggir um leið á sterkri hefð, þar með talið á áralangri samfélagsþátttöku sem er ein af stoðum samfélagsábyrgðar bankans.

Samfélagsábyrgð Landsbankans er á ábyrgð framkvæmdastjórnar bankans. Í upphafi árs 2011 var ráðinn til starfa sérfræðingur sem hefur það verkefni að skipuleggja innleiðingu samfélagsábyrgðar í starfsemi bankans. Þetta frumkvæði vakti verðskuld aða athygli og hefur Landsbankinn lagt mikla áherslu á að kynna hugmyndir sínar um samfélagsábyrgð á opinberum vettvangi.

Erlend viðmið

Samfélagsskýrsla Landsbankans er rituð árlega samkvæmt viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) og er birt á vef bankans á sama tíma og ársskýrsla. Í henni er miðlað samanburðarhæfum upplýsingum frá ári til árs og áhersla lögð á að leggja fram greinargóðar upplýsingar um aðferðafræði við innleiðingu og þróun samfélagsábyrgðar í Landsbankanum. Samfélagskýrslan gegnir einnig hlutverki framvinduskýrslu til Global Compact, en Landsbankinn fylgir viðmiðum hnattræns samkomulags Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum.

Landsbankinn fékk aðild að United Nations Principles for Responsible Investment (UN PRI) í byrjun árs 2013. Stefna

Samfélagsskýrsla Landsbankans

Samfélagsskýrsla Landsbankans er rituð árlega samkvæmt viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) og er birt á vef bankans á sama tíma og ársskýrsla.

Landsbankans um ábyrgar fjárfestingar er sett með hliðsjón af reglum UN PRI og tekur mið af reglum um áhættuvilja, stórar áhættuskuldbindingar og hámark heildaráhættu, rekstraráhættu, orðsporsáhættu, lausafjáraáhættu og góða stjórnarhætti.

Stefnu um ábyrgar fjárfestingar er ætlað að skilgreina ramma sem gerir bankanum kleift að samþætta samfélagsábyrgð í fjárfestingarákvarðanir. Slík stefna hefur að mati Landsbankans já-

kvæð áhrif á ávöxtun fjárfestinga til lengri tíma og dregur því úr rekstraráhættu bankans.

Jafnréttis- og starfsmannamál

Jafnréttis- og starfsmannastefna Landsbankans mynda órjúfanlega heild. Með jafnréttisstefnu Landsbankans vill bankinn leggja áherslu á að allir eigi jafna möguleika óháð kynferði, aldri, uppruna, kynhneigð, fötlun, trúarbrögðum eða annarri menningarlegri stöðu. Nánari upplýsingar um jafnréttisstefnu Landsbankans má finna á vef bankans.

Landsbankinn leggur áherslu á að ráða jafnt konur sem karla í stjórnunarstöðum. Nú eru 4 af 7 framkvæmdastjórum konur

og þær eru fjölmargar í öðrum stjórnunarstöðum. Það er markmið Landsbankans að tryggja jafnrétti innan bankans og að hver starfsmaður sé metinn á eigin forsendum.

Samstarf á sviði samfélagsábyrgðar

Landsbankinn tekur þátt í samstarfi á sviði samfélagsábyrgðar innanlands og utan. Landsbankinn var eitt þeirra fyrirtækja sem stóðu að stofnun Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, árið 2011. Landsbankinn er þátttakandi í Global Compact á heimsvísu og félagi í Global Compact á Norðurlöndum. Landsbankinn hefur skrifað undir reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar og er einn af stofnaðilum UNEP FI (United

Nations Environment Programme – Finance Initiative).

Verkefni samfélagsábyrgðar

Fjölmörg verkefni sem bankinn vinnur að eru tengd samfélagsábyrgð. Þau tengjast rekstrinum, starfsfólkinu og samfélaginu og miða að sparnaði í rekstri, betri nýtingu fjármuna, heilbrigðari lífsmáta og jákvæðri þátttöku bankans og starfsmanna í verkefnum utan bankans. Nánari upplýsingar um ýmsar mælingar á sviði samfélagsábyrgðar er að finna í skýrslu bankans um samfélagsábyrgð.

Stuðningur og styrkir

Samfélagsstuðningur Landsbankans er mikilvægur liður í stefnu bankans um samfélagsábyrgð. Landsbankinn styður fjölmörg samfélagsverkefni með beinum fjárframlögum, bæði úr Samfélagssjóði og með gagnkvæmum samstarfssamningum.

Bankinn styrkir samfélagsverkefni, þar með talið menningarstarf og listastarf, einkum með þrennum hætti. Í fyrsta lagi í gegnum Samfélagssjóð, þar sem engar kröfur eru ekki gerðar á móti styrkjum, í öðru lagi með samstarfssamningum með gagnkvæmum ávinningi og loks fyrir tilstilli útibúa sem styðja vel við bakið á verkefnum í heimabyggð.

Undir hatti Samfélagssjóðs eru nú fimm aðskildar úthlutanir, námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir, umhverfisstyrkir og afreksstyrkir sem veittir eru annað hvert ár. Áhersla er lögð á að stuðningur sé fjölbreyttur og nýttist mörgum.

Alls nam fjárhagslegur stuðningur bankans um 115 milljónum króna árið 2014, en til viðbótar við beinan fjárhagslegan stuð-

ing leggur bankinn áherslu á að bjóða viðskiptavinum þjónustu og ráðgjöf sem hefur skýra samfélagslega tengingu. Loks vill bankinn vera virkur þátttakandi í samfélagsverkefnum með ráðgjöf og sjálfböðastarfi starfsmanna.

Fagaðilar utan bankans skipa meirihluta úthlutunarnefnda í samfélagssjóði bankans. Farvegur fyrir styrki er skýr og hafa allir umsækjendur jafna möguleika til að sækja um.

Samfélagssjóður

Samfélagssjóður Landsbankans gegnir lykilhlutverki í stuðningi bankans við samfélagið. Árið 2014 voru veittir ferns konar styrkir: afreksstyrkir, námsstyrkir, samfélagsstyrkir og um-

Heildarstuðningur við samfélagsmál

**115
milljónir
króna**

Að auki er áhersla lögð á að bjóða viðskiptavinum þjónustu og ráðgjöf sem hefur skýra samfélagslega tengingu.

hverfisstyrkir. Alls námu styrkir úr Samfélagssjóði 29 milljónum króna á árinu. Nýsköpunarstyrkir, sem fyrirhugað var að veita á árinu, voru greiddir út í upphafi árs 2015, samtals 15 milljónir króna.



Sjálfboðastarf og ráðgjöf

Landsbankinn leitast við að auka beina þátttöku starfsmanna í samfélagsverkefnum, meðal annars með ráðgjöf og sjálfboðastarfi á vinnutíma. Á síðasta ári lögðu starfsmenn meðal annars fram vinnu við jólaúthlutun Mæðra-styrksnefndar.

Landsbankinn hefur enn fremur boðið fram sérfræðiþekkingu starfsmanna við ráðgjöf á ýmsum sviðum sem tengjast fjármálum og nýsköpun. Haldin hafa verið

námskeið og fjármálakvöld um land allt. Þá hafa starfsmenn setið í dómnefndum, meðal annars í Gullegginu, frumkvöðla-keppni Innovit, sem Landsbankinn styrkir.

Markmið með styrkjum úr Samfélagssjóði

- » Fjölbreyttur stuðningur við samfélagið sem nýtist mörgum.

- » Fagfólk skipar meirihluta dómnefnda.
- » Jafnræði og dreifing við úthlutun styrkja er tryggð eins og kostur er.
- » Landsbankinn leggur áherslu á að starfsmenn geti samræmt vinnu sína og einkalíf.
- » Skýr farvegur fyrir styrkveitingar bankans.

Hæstu styrkir árið 2014 < 1.000.000 kr.

Þróunarsjóður ferðaþjónustunnar – Ísland allt árið	20.000.000 kr.
Samfélagsstyrkir – 50 styrkir	15.000.000 kr.
Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum	11.000.000 kr.
Knattspyrnusamband Íslands	7.500.000 kr.
Námsstyrkir – 15 styrkir	6.000.000 kr.
Umhverfisstyrkir – 14 styrkir	5.000.000 kr.
Sjónarhóll, ráðgjafarmiðstöð	5.000.000 kr.
UMFÍ	3.500.000 kr.
Afreksstyrkir – 11 styrkir	3.000.000 kr.
Menningarnætursjóður	3.000.000 kr.
Spítalinn okkar	2.500.000 kr.
KKÍ	2.250.000 kr.
Ráðstefnuborgin Reykjavík	2.000.000 kr.
Listahátíð í Reykjavík	2.000.000 kr.
Innovit – Gulleggið	1.850.000 kr.
Ljósanótt – bæjarhátíð í Reykjanesbæ	1.500.000 kr.
Listasafn Íslands	1.300.000 kr.
Barnaspítalasjóður Hringins	1.000.000 kr.
Hjálparstarf kirkjunnar, aðstoð innanlands	1.000.000 kr.
Mæðrastreksnefnd, aðstoð innanlands	1.000.000 kr.
Rauði kross Íslands, aðstoð innanlands	1.000.000 kr.
UNICEF, landssöfnun til hjálparstarfs í Vestur-Afríku	1.000.000 kr.
Skylmingasamband Íslands	1.000.000 kr.

Hæstu styrkir - flokkað

Samfélagsstyrkir - blandað

Samfélagsstyrkir – 50 styrkir	15.000.000 kr.
-------------------------------	----------------

Mannúð

Sjónarhóll, ráðgjafarmiðstöð	5.000.000 kr.
Spítalinn okkar	2.500.000 kr.
Barnaspítalasjóður Hringsins	1.000.000 kr.
Hjálparstarf kirkjunnar, aðstoð innanlands	1.000.000 kr.
Mæðrastyrksnefnd, aðstoð innanlands	1.000.000 kr.
Rauði kross Íslands, aðstoð innanlands	1.000.000 kr.
UNICEF, landssöfnun til hjálparstarfs í Vestur-Afríku	1.000.000 kr.

Menning

Menningarnætursjóður	3.000.000 kr.
Listahátíð í Reykjavík	2.000.000 kr.
Ljósanótt - bæjarhátíð í Reykjanesbæ	1.500.000 kr.
Listasafn Íslands	1.300.000 kr.

Menntun

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum	11.000.000 kr.
Námsstyrkir - 15 styrkir	6.000.000 kr.

Íþróttir

Knattspyrnusamband Íslands	7.500.000 kr.
UMFÍ	3.500.000 kr.
Afreksstyrkir - 11 styrkir	3.000.000 kr.
KKÍ	2.250.000 kr.
Skylmingasamband Íslands	1.000.000 kr.

Nýsköpun og atvinnulíf

Þróunarsjóður ferðaþjónustunnar - Ísland allt árið	20.000.000 kr.
Ráðstefnuborgin Reykjavík	2.000.000 kr.
Innovit - Gulleggið	1.850.000 kr.

Umhverfismál

Umhverfisstyrkir - 14 styrkir	5.000.000 kr.
-------------------------------	---------------

Samstarfsverkefni

Landsbankinn tekur virkan þátt í mörgum samstarfsverkefnum með samfélagslega skírskotun. Verkefnin eru fjölbreytt og snerta margar hliðar samfélagsins, s.s. menningu, fræðslu, nýsköpun og ferðaþjónustu.



Opnuð var glæsileg vefsíða þar sem finna má ný lög, eldri lög í nýjum búningi og viðtöl við þetta unga og efnilega tónlistarfólk. Þar var hægt að fá forsmekk af stærstu tónlistarhátíð ársins og sjá dæmi um þá miklu grósku sem er íslensku tónlistarlífi.

Auk þess komu hljómsveitirnar fram á „off-venue“ tónleikum í útibúi bankans við Austurstræti, laugardaginn 8. nóvember og spiluðu fyrir troðfullu húsi gesta.

Iceland Airwaves

Landsbankinn og tónlistarhátíðin Iceland Airwaves gerðu á árinu með sér samstarfssamning sem felur í sér að bankinn verður einn af helstu bakhjörllum hátíðarinnar næstu tvö árin. Landsbankinn vill með þessu styðja við bakið á ungu tónlistarfólki, í senn

sem lið í samfélagslegri ábyrgð bankans og virkum stuðningi við listir og menningu í landinu.

Til að hita upp fyrir hátíðina sem var haldin dagana 5.-9. nóvember fékk bankinn til liðs við sig hljómsveitirnar Vök, Young Karin og tónlistarmanninn Júníus Meyvant sem öll komu fram á hátíðinni.

Fjármálaþjónusta í fremstu röð

Landsbankinn, Landsbréf og Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fundi í Selvík 10. og 11. apríl þar sem fjallað var um hvernig hægt væri að bæta fjármálaumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í tækni- og hugverkagreinum, þar með töldum skapandi greinum. Ein aðalforsenda fundarins var sú

að nauðsynlegt sé að skapa „fjármálaumhverfi í fremstu röð“ á Íslandi fyrir fyrrnefnd fyrirtæki í samræmi við ímynd Íslands sem „græns“ eða „hreins“ hagkerfis. Um 50 manns, fulltrúar nýrra og spennandi fyrirtækja úr fjölmörgum iðngreinum, tóku þátt í fundinum og unnu saman að því að skilgreina þær fjármögnunarleiðir eða verkfæri sem þurfa að vera til staðar svo gjaldeyris-skapandi/-sparandi fyrirtæki sjái sér ótvíræðan hag í að vera áfram á Íslandi. Niðurstöður fundarins verða nýttar í áframhaldandi samstarfi á þessu sviði.

Samstarf við Samtök ferðapjónustunnar

Landsbankinn stóð fyrir sameiginlegum stefnumótunarfundi Samtaka ferðapjónustunnar (SAF), stjórnvalda og Landsbankans 10. og 11. nóvember í Selvík. Þátttakendur voru um 50 lykil-


stjórnendur úr ferðapjónustu og öðrum greinum atvinnulífisins sem henni tengjast. Fundurinn var liður í vinnu við mótun framtíðarsýnar fyrir ferðapjónustuna á Íslandi og áhersla var lögð á hvernig hægt væri að styrkja samstarf opinberra aðila og fyrirtækja í greininni. Auk ráðherra ferðamála og talsmanna ferðapjónustunnar fjölluðu lykilmenn nokkurra opinberra stofnana um þau viðfangsefni í þeirra rekstri sem tengjast ferðapjónustu. Fundurinn markaði upphaf stefnumótunar stjórnvalda og SAF sem nú stendur yfir.

Stefnumarkandi verkefni í ferðapjónustu

Icelandair Group, Bláa Lónið, Landsbankinn og Meet in Reykjavík hafa tekið höndum saman um stefnumarkandi verkefni til þriggja ára sem miðar að markaðssetningu á Reykjavík



og Íslandi fyrir ferðamenn sem krefjast hágæða þjónustu. Verkefnið ber heitið Iceland Luxury og er hýst og stjórnað af Meet in Reykjavík. Markmið þessa samkomulags er að stuðla að langtímastefnumörkun á þessu sviði, styrkja ímynd Reykjavíkur og Íslands í augum vel stæðra ferðamanna, auka samtakamátt fyrirtækja sem starfa á þessum markaði og hvetja til þróunar innviða og þjónustu fyrir þennan markhóp. Samstarfið er framhald af þeirri uppbyggingu sem hófst með stofnun Meet in Reykjavík árið 2012 og styður Landsbankinn einnig við þá starfsemi.



Ísland – allt árið

Landsbankinn hefur frá upphafi stutt markaðsverkefnið Ísland – allt árið en skrifað var undir nýjan samning um verkefnið 18. desember 2014 og gildir hann til loka árs 2016. Tilgangur verkefnisins er að festa ferðaþjónustu enn betur í sessi sem heilsáratvinnugrein og auka arðsemi hennar með það fyrir augum að skapa gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið. Markaðssetning fer fram undir formerkjum Inspired by Iceland og sér Íslandsstofa um framkvæmdina.



Ráðstefnur og fundir

Landsbankinn beitir sér fyrir því að kalla saman á fundi og ráðstefnur gesti sem hafa mótandi áhrif á hugmyndir í samtímanum. Á árinu 2014 stóð bankinn m.a. fyrir fjórum stórum ráðstefnum af þessum toga: um

fjárfestingu í sjávarútvegi, um vöxt í ferðaþjónustu, um framtíð íbúðalánakerfisins á Íslandi og um framtíð verslunar og þjónustu, auk hinnar árlegu ráðstefnu bankans þar sem þjóðhagsspá Hagfræðideildar til næstu ára er kynnt. Á þeirri ráðstefnu var einnig fjallað um stöðu heilbrigðiskerfisins og um hugsanlegan ávinning af lagningu



sæstrengs fyrir raforkusölu til Evrópu. Meira en 1.000 manns hafa sótt þessar ráðstefnur bankans sem hafa skapað sér sess sem mikilvægur vettvangur margra af helstu viðfangsefnum samtímans.

Þá er ógetið ráðstefnu sem Landsbankinn stóð fyrir ásamt Hagfræðideild Háskóla Íslands,

til heiðurs Jónasi Haralz, fyrrverandi bankastjóra Landsbanka Íslands, í tilefni þess að hann hefði orðið 95 ára á árinu 2014. Ráðstefnan bar yfirskriftina „Leiðin úr höftunum“ og fór fram í Hátíðasal Háskóla Íslands þann 8. október. Fullt var út úr dyrum í orðsins fyllstu merkingu.

Skólahreysti

Landsbankinn er aðalbakhjarl Skólahreysti og leggur keppninni lið af krafti. Markmið Skólahreysti er að hvetja börn til að taka þátt í alhliða íþróttaupplifun sem byggð er á grunnforsendum almennrar íþróttakennslu og þar sem keppendur vinna að mestu leyti með eigin líkama í þrautum. Vinsældir Skólahreysti hafa aukist ár frá ári og keppa nú yfir 600 krakkar fyrir hönd skóla sinna og nokkur þúsund krakkar eru virkir félagar í stuðningsliðum. Auk Landsbankans nýtur Skólahreysti stuðnings mennta- og menningarmálaráðuneytisins, norrænu ráðherranefndarinnar, Toyota og Íþrótt- og ólympíusambandsins.

Í tengslum við Skólahreysti heldur Landsbankinn úti spurningaleik sem er ætlað að efla fjármálalæsi ungmenna. Þátttakend-

ur leysa 12 verkefni af fjölbreyttu tagi sem taka mið af markmiðum OECD í fjármálafræðslu. Öllum er heimil þátttaka í leiknum en sérstök keppni er haldin meðal nemenda í 8., 9. og 10 bekk.

Menningarnótt

Landsbankinn hefur verið virkur þátttakandi í Menningarnótt frá upphafi og hefur hvort tveggja opnað dyr sínar fyrir gestum og gangandi og verið bakhjarl hátíðarinnar alla tíð. Það hefur verið bankanum kappsmál að fjárstuðningur hans renni beint til listamanna og -hópa sem skipuleggja viðburði á Menningarnótt.

Til að ná því markmiði var stofnaður sérstakur Menningarnæturpottur á vegum Höfuðborgarstofu og Landsbankans. Markmið



hans er að veita frumlegum og sérstökum hugmyndum brautargengi. Veittir eru margir hóflegir styrkir en potturinn hefur verið góð viðbót við farsælt samstarf Höfuðborgarstofu og Landsbankans.

Lánatryggingasjóðurinn Svanni

Í samstarfi við Svanna – lánatryggingasjóð kvenna veitir Landsbankinn konum í atvinnurekstri lán sem sjóðurinn og bankinn ábyrgjast sameiginlega. Landsbankinn veitir helming ábyrgðar á móti sjóðnum og

tryggir þannig konum í nýrri starfsemi rýmri aðgang að fjármagni en ella og eykur möguleika til að stofna fyrirtæki. Samstarfssamningurinn er liður Landsbankans í að efla atvinnulíf og hvetja til nýsköpunar í landinu.

Háskólasjóður Eimskipafélagsins

Háskólasjóður h/f Eimskipasjóðurinn er í vörslu Landsbankans og hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 2005. Það ár voru gerðar veigamiklar breytingar á fyrirkomulagi sjóðsins með það að markmiði að veita styrki til stúdenta í rannsóknartengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum eftir þær breytingar fór fram 2006 og hafa yfir 80 doktorsnemar í fjölmörgum fræðis-

greinum stundað rannsóknir og nám við Háskóla Íslands með stuðningi sjóðsins.

Öndvegissetur um verndun hafsins


Landsbankinn var meðal þeirra sem skrifuðu undir samning um stofnun Oceana á Arctic Circle ráðstefnunni er haldinn var í Hörpu 31. október 2014. Nafni stofnunarinnar var síðar breytt í Hafið. Um er að ræða öndvegissetur sem ætlað er að vinna að útfærslu hugmynda um verndun hafsins með því að draga úr mengun með grænni tækni. Verkefnið er í senn umfangsmikið og metnaðarfullt og er stutt af fjölmörgum aðilum: umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Reykjavíkurborg, Landsbankanum, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Hafrannsókn-

stofnun, Orkustofnun, Samtökum iðnaðarins, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Granda hf., Clean Tech Iceland, sem eru samtök fyrirtækja í grænni tækni, og fjölda tæknifyrirtækja.

Hafið verður vettvangur samstarfs fyrirtækja, opinberra aðila og rannsóknarstofnana sem vilja vinna að hafverndarmálum á alþjóðavettvangi. Hafið hyggst nýta þá þekkingu sem er til staðar í háskólum, stofnunum og fyrirtækjum til að auka skilning á þeim breytingum sem gera má ráð fyrir í umhverfi hafsins á komandi árum vegna aukinnar skipaumferðar í íslenskri landhelgi og vegna loftlagsbreytinga. Setrinu er ætlað að leiða til samstarfs er muni fjölga verðmætum störfum í tækni- og hugverkefnum, draga að erlent rannsóknafjármagn og stuðla um leið að verndun lífríkisins í hafinu í kringum landið.

Fjármál og ársreikningur

Helstu atriði ársreiknings




Fjármögnun

Fjármögnun Landsbankans byggir á fjórum meginstöðum: innlánnum frá viðskiptavinum, skuldum við fjármálafyrirtæki, lántökum og eigin fé.

Áhættustjórnun

Árangursrík áhættustjórnun er lykilþáttur í langtímaarðsemi og stöðugleika Landsbankans.



Helstu atriði ársreiknings


„Afkoma Landsbankans á árinu 2014 var góð og fjárhagsstaðan er traust. Eiginfjárlutfallið er með því hæsta sem þekkist meðal banka um víða veröld og lausafjárstaðan með ágætum, þrátt fyrir að bankinn hafi greitt út 20 milljarða króna arð til hluthafa á árinu, töluverðan útlán-avöxt og verulega fyrirframgreiðslu inn á skuld bankans við LBI hf.“

- Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans; úr fréttatilkynningu 26. febrúar 2015

Kennitölur	31.12.2014	31.12.2013
Hagnaður eftir skatta	29.737	28.759
Hreinar vaxtatekjur	28.073	34.314
Rekstrartekjur	63.149	65.581
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	16,7%	17,6%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	12,5%	12,4%
Eiginfjárlutfall (CAR)	29,5%	26,7%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	2,4%	3,1%
Vaxtamunur + virðisbreytingar í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	4,2%	4,7%
Kostnaðarhlutfall*	56,0%	42,9%
Lausafjárlutfall	39%	50%
Lausafjárlutfall LCR alls	131%	102%
Lausafjárlutfall LCR FX	614%	208%
Heildareignir	1.098.370	1.151.516
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	130,3%	149,0%
Stöðugildi	1.126	1.183

* Kostnaðarhlutfall = Rekstrargjöld alls að frátalinni gjaldfærslu vegna hlutabréfatengdra launaliða / (Hreinar rekstrartekjur - virðisbreytingar)

Allar upphæðir eru í milljónum króna




Rekstrarhagnaður Landsbankans nam 29,7 milljörðum króna á árinu 2014 samanborið við 28,8 milljarða króna á árinu 2013. Arðsemi eigin fjár var 12,5% samanborið við 12,4% arðsemi á árinu 2013. Eiginfjárlutfall bankans hefur aldrei verið hærra og nam það 29,5% í árslok 2014 samanborið við 26,7% eiginfjárlutfall í upphafi ársins.

Vaxtamunur bankans, hlutfall hreinna vaxtatekna af meðalstöðu efnahagsreiknings, lækkaði verulega milli ára eða um 6,2 milljarða króna. Á árinu 2014 var vaxtamunurinn 2,4% samanborið við 3,1% ári fyrr. Lækkun tekna auk hækkunar á rekstrar-kostnaði, að slepptum áhrifum af hlutabréfum til starfsmanna, gerir það að verkum að hlutfall

kostnaðar af tekjum án virðisbreytinga útlána var 56% á árinu 2014 samanborið við 42,9% á árinu 2013.

Efnahagsreikningur

Heildareignir bankans námu 1.098 milljörðum króna í árs-



Eignir	31.12.2014	31.12.2013	Breyting 2014	
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	10.160	21.520	-11.360	-53%
Markaðsskuldabréf	243.589	290.595	-47.006	-16%
Hlutabréf	29.433	36.275	-6.842	-19%
Kröfur á lánastofnanir	49.789	67.916	-18.127	-27%
Útlán til viðskiptavina	718.355	680.468	37.887	6%
Aðrar eignir	28.832	29.719	-887	-3%
Eignir til sölu	18.212	25.023	-6.811	-27%
Samtals	1.098.370	1.151.516	-53.146	-5%

Skuldir og eigið fé	31.12.2014	31.12.2013	Breyting 2014	
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	53.827	167.218	-113.391	-68%
Innlán frá viðskiptavinum	551.435	456.662	94.773	21%
Lántaka	207.028	239.642	-32.614	-14%
Aðrar skuldir	32.442	42.750	-10.307	-24%
Skuldir tengdar eignum til sölu	2.834	3.885	-1.051	-27%
Eigið fé	250.803	241.359	9.444	4%
Samtals	1.098.370	1.151.516	-53.146	-5%


Allar upphæðir eru í milljónum króna

lok 2014 og lækkuðu þær um 5% á árinu. Helstu breytingar á eignahlið efnahags Landsbankans á árinu 2014 voru þær að skuldabréfaeign bankans lækkaði um 47 milljarða og útlán

til viðskiptavina hækkuðu um 38 milljarða króna.

Á skuldahlið voru þær breytingar helstar að innlán viðskiptavina jukust um tæpa 95 milljarða

króna og innlán fjármálafyrirtækja lækkuðu um 113 milljarða króna. Á árinu 2014 fyrirframgreiddi Landsbankinn hf. 30 milljarða inn á skuldabréfið sem gefið var út til LBI hf, en





í heildina lækkaði bréfið um tæpa 38 milljarða á árinu vegna fyrirframgreiðslu og styrkingar krónunnar á árinu.

Vegna hagnaðar bankans upp á 29,7 milljarða króna á árinu 2014 hækkar eigið fé hans um 9,5 milljarða króna þrátt fyrir tæpa 20 milljarða króna arðgreiðslu á árinu.

Lausafjárstaða


Lausafjárstaða bankans bæði í íslenskum krónum og erlendri mynt er áfram mjög sterk. Lausafjáreignir námu tæpum 235 milljörðum króna í lok árs 2014.

Lausafjáreignir sem hlutfall af innlánnum voru 39% í árslok samanborið við 50% í byrjun ársins.



Lausafjáreignir	31.12.2014	31.12.2013	Breyting 2014	
Lausafé hjá seðlabönkum	10.160	11.506	-1.346	-12%
Lán til fjármálastofnana (styttra en 7 dagar)	33.053	54.088	-21.035	-39%
Skuldabréf haf til endurhverfra viðskipta	191.478	244.846	-53.368	-22%
Lausafjáreignir samtals	234.691	310.440	-75.749	-24%

Allar upphæðir eru í milljónum króna



Meginmælikvarði lausafjár-
áhættu til skamms tíma er
lausafjárþekja (LCR) sem mælir
hlutfall hágæða lausafjäreigna af
heildar nettó útlæði á næstu 30
dögum miðað við álagsaðstæður.

Lausafjárþekja var 131% í lok
árs 2014, en Seðlabankinn
gerir kröfu um að hlutfallið sé
að lágmarki 70%. Lausafjárþekja
erlendra mynta var á sama tíma
614%, en Seðlabankinn gerir
kröfu um að það hlutfall sé að
lágmarki 100%.

Útlán til viðskiptavina námu 718
milljörðum króna í lok árs 2014
samanborið við 680,5 milljarða


í byrjun ársins og hækkuðu þau
um 6% á árinu.

Hækkun ársins skiptist í 162
milljarða króna vegna nýrra
lána og 20 milljarða króna
vegna gengisáhrifa, verðbóta og
virðisaukningar. Á móti þessari
hækkun koma 144 milljarðar
króna vegna afborgana viðskipta-
vina bankans.

Heildareignir bankans hafa
lækkað um 53 milljarða á árinu
m.a. vegna þess að rífleg lausa-
fjárstaða bankans í erlendum
gjaldmiðlum gerði bankanum
kleift að fyrirframgreiða um 30
milljarða til LBI hf.

Innlán fjármálafyrirtækja lækk-
uðu um 68%, eða 113 milljarða
króna, og námu tæpum 54 millj-
örðum króna í lok árs.

Innlán viðskiptavina hækkuðu á
árinu um 95 milljarða króna og
voru þau 551 milljarður króna
samanborið við 456 milljarða
króna í upphafi árs. Þessar
sveiflur skýrast af því að inn-
lán frá fjármálafyrirtækjum í
slitameðferð flokkast ekki lengur
sem fjármálafyrirtæki og innlán
þeirra bókast því sem innlán við-
skiptavina.



Steinþór Pálsson, bankastjóri


„Þegar allt er talið saman varðandi virðisbreytingar þeirra útlána sem færðust frá LBI hf. til Landsbankans við stofnun hans kemur í ljós að hreinar gjaldfærslur í rekstrarreikningi bankans vegna lána til heimila eru rúmir 12 milljarðar króna, eða -7% af kaupverði lánanna, og tekju-


færsla vegna lána til fyrirtækja tæpir 25 milljarðar króna, eða +5% af þeim lánum.“

Þann 8. maí 2014 komust Landsbankinn og slitastjórn LBI að samkomulagi um breytingar á skilmálum uppgjörsskuldabréfa sem samið var um í desember 2009. Lokagreiðsla Landsbank-

ans til LBI verður innt af hendi í síðasta lagi í október 2026 í stað október 2018.

Landsbankinn hefur heimild til að greiða skuldina niður að hluta eða að fullu án kostnaðar, hvenær sem er á tímabilinu. Landsbankinn og slitastjórn LBI sömdu einnig um breytingar sem m.a. veita Lands-





bankanum rétt, við ákveðnar aðstæður, til að fresta greiðslu hluta þeirra fjárhæða sem eru á gjalddaga 2018 og 2020.


Þá lækkar lágmarksveðhlutfall úr 125% í 115% af eftirstöðvum skuldar á hverjum tíma. Vaxtakjör verða óbreytt til október árið 2018, þ.e. 2,9% álag ofan á LIBOR

vexti. Eftir það fer vaxtaálagið stighækkandi. Upphaflega var skuldin 352 ma. kr. með skilyrta skuldabréfinu en var í lok liðins árs komin niður í 200 ma. kr.


Rekstarhagnaður bankans á árinu 2014 nam 29,7 milljörðum króna samanborið við 28,8 milljarða króna á árinu 2013. Stórar

sveiflur eru á milli ára. Á árinu 2014 tekjufærði bankinn háar fjárhæðir vegna virðisbreytinga útlána, eða 20,1 milljarða, sem er aukning um tæpa 12 milljarða.

Skattar og gjöld til ríkis og stofnana námu 9,8 milljörðum árið 2014, sem er lækkun um 2,5 milljarða. Hreinar vaxtatekjur



Afborganir til LBI fyrir og eftir breytingar á skilmálum uppgjörsskuldabréfa (ma. kr.)




námu 28 milljörðum króna á árinu 2014 samanborið við 34,3 milljarða króna á árinu 2013. Vaxtamenur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna var 2,4% á árinu 2014 en 3,1% á árinu 2013.

Virðisbreytingar útlána hafa á undanförunum árum haft mikil áhrif á sveiflur í rekstrarafkomu. Á árinu 2014 er færð virðisaukning á útlánum upp á 20 milljarða króna samanborið

við 13 milljarða virðisaukningu á árinu 2013. Hreinar þjónustutekjur námu 5,8 milljörðum króna á árinu 2014 sem er hækkun um 545 milljónir á milli ára. Sú hækkun byggist að

Rekstrarreikningur	2014	2013	Breyting	
Hreinar vaxtatekjur	28.073	34.314	-6.241	-18%
Virðisbreyting	20.128	8.362	11.766	141%
Virðisbreyting vegna móttöku hlutabréfa	0	4.691	-4.691	-
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingu	48.201	47.367	834	2%
Hreinar þjónustutekjur	5.836	5.291	545	10%
Gjaldþyngingismunur	67	1.147	-1.080	-94%
Aðrar rekstrartekjur	9.045	11.776	-2.731	-23%
Afkoma fyrir rekstrarkostnað	63.149	65.581	-2.432	-4%
Laun og launatengd gjöld	13.567	12.613	954	8%
Gjaldfærsla vegna hlutabréfatengdra launaliða	0	4.691	-4.691	-
Önnur rekstrargjöld	8.545	8.050	495	6%
Afskriftir rekstrarfjármuna	942	818	124	15%
Tryggingasjóður innstæðueigenda	1.034	1.079	-45	-4%
Rekstrarkostnaður	24.088	27.251	-3.163	-12%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага, að frádregnum skatti	465	2.712	-2.247	-83%
Hagnaður fyrir skatta	39.526	41.042	-1.516	-4%
Tekju- og bankaskattur	9.789	12.283	-2.494	-20%
Hagnaður ársins	29.737	28.759	978	3%

Allar upphæðir eru í milljónum króna



langstærstum hluta á tekjum af sölu á fyrirtækjum.


Aðrar rekstartekjur námu 9,1 milljarði króna á árinu 2014 samanborið við 11,8 milljarða króna á árinu 2013. Aðrar rekstartekjur ársins 2014 eru að mestu hagnaður af hlutabréfum upp á um 6 milljarða króna og 616 milljóna króna tekjur af markaðsskuldabréfum. Einnig má nefna tekjur af sölu á hlut Landsbankans í korta-fyrirtækjunum Valitor og Borgun.

Steinþór Pálsson, bankastjóri

„Landsbankinn stendur frammi fyrir því að nauðsynlegt er að auka hagkvæmni reglubundins rekstrar með lækkun kostnaðar og bættri tekjusamsetningu svo áfram takist að skila ásættanlegri arðsemi á eigið fé bankans.“

Rekstrarkostnaður ársins 2014 var 24,1 milljarðar en það er hækkun frá því árið 2013 þegar rekstrarkostnaðurinn var 22,6 milljarðar að teknu tilliti til

gjaldfærslu vegna hlutabréfa starfsmanna. Launakostnaður hækkaði um tæpan milljarð á milli ára og annar rekstrarkostnaður hækkaði um 500 milljónir á milli ára. Kostnaðarhlutfallið fyrir árið reiknast 56%. Kostnaðarhlutfallið sýnir hlutfall rekstrargjalda bankans á móti hreinum rekstrartekjum, að undanskildum virðisbreytingum útlána. Stöðugildum í samstæðu bankans fækkaði um 57 á árinu 2014, úr 1.183 í 1.126.



Fjármögnun

Fjármögnun Landsbankans byggir á fjórum meginstoðum: innlánum frá viðskiptavinum, skuldum við fjármálafyrirtæki, lántökum og eigin fé. Landsbankinn hefur aflað sér lánshæfiseinkunnar frá alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækinu Standard & Poor's. Einkunnin BB+/B með jákvæðum horfum var staðfest í október 2014.

Innlán frá viðskiptavinum

Veigamesta fjármögnun Landsbankans felst í innlánum frá viðskiptavinum. Þau námu 551,4 milljörðum króna í lok árs 2014 og er stærstur hluti þeirra óverðtryggður og óbundinn.


Innlán frá viðskiptavinum jukust um 21% á árinu en hluti þessarar aukningar er vegna þess að innlán frá fjármálafyrirtækjum í slitameðferð teljast til almennra innlána frá þeim tíma er Fjármálaeftirlitið afturkallar starfsleyfi þeirra að fullu.


Verðtryggð innlán námu 97 milljörðum króna í árslok 2014 og lækka þau um fimm milljarða milli ára.

Skuldir við fjármálafyrirtæki

Skuldir við fjármálafyrirtæki námu um 54 milljörðum króna í árslok 2014 og lækka umtalsvert milli ára, en skuldir við fjármálafyrirtæki námu um 167 milljörðum króna í árslok 2013.

Lækkunin er fyrst og fremst tilkomin vegna þess að innlán frá fjármálafyrirtækjum í slitameð-





ferð sem misst hafa starfsleyfi að fullu, teljast nú til almennra innlána.

Lántaka Landsbankans felst að stærstum hluta í skuldabréfaútgáfu til LBI hf. en um hana var samið við tilfærslu eigna og skulda frá LBI til Landsbankans árið 2009. Auk útgefinna skuldabréfa til LBI hefur Landsbankinn sett upp útgáfuramma fyrir sértrygð skuldabréf.

Skuldabréfaútgáfa til LBI hf.

Skuldabréfaútgáfan til LBI hf. er í evrum, sterlingspundum og Bandaríkjadöllum. Lokagjalddagi skuldabréfanna var upprunalega 2018 en á árinu 2014 náðist samkomulag milli Landsbankans og slitastjórnar LBI hf. um breytingar á skuldabréfunum.

Útgáfuramma fyrir sértrygð skuldabréf

Landsbankinn hefur sett upp 100 milljarða króna útgáfuramma fyrir sértrygð skuldabréf. Gefin hafa verið út óverðtrygð skuldabréf með föstum vöxtum til þriggja og fimm ára.

Samkomulagið fól í sér að loka-greiðsla Landsbankans til LBI hf. verður í október 2026 í stað október 2018. Eftirstöðvar skuld-arinnar greiðast með tíu skulda-bréfum sem koma til greiðslu á tveggja ára fresti, útgefnum í evrum, sterlingspundum og Bandaríkjadöllum.

Sértryggð skuldabréf

Landsbankinn hefur sett upp 100 milljarða króna útgáfuramma fyrir sértryggð skuldabréf og er útgáfa þeirra fyrst og fremst hugsuð sem fjármögnun fyrir íbúðalán bankans og til að draga úr fastvaxtaáhættu.

Landsbankinn hefur gefið út óverðtryggð skuldabréf með föstum vöxtum til þriggja og fimm ára og hyggur á frekari

Standard & Poor's	
Flokkur	Samtals
Langtíma	BB+
Skammtíma	B
Horfur	Jákvæðar
Útgáfudagur	14.10.2014

útgáfu sértryggðra skuldabréfa á næstu misserum.


Á árinu 2013 vann bankinn að því að afla sér lánshæfismats frá alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtæki og í janúar 2014 veitti Standard & Poor's (S&P's) Landsbankanum lánshæfiseinkunnina BB+ með stöðugum horfum.

Í október breytti S&P's svo horfum lánshæfiseinkunnar bankans úr stöðugum í jákvæðar og staðfesti BB+/B lang- og skammtímaeinkunn bankans.

Hlutfé

Fjórða stoð fjármögnunar Landsbankans er hlutfé, en eigið fé bankans nam 250,8 milljörðum króna í lok desember 2014. Landsbankinn greiddi 20 milljarða króna í arð til eigenda sinna á árinu 2014.

Eiginfjárlutfall Landsbankans í árslok 2014 var 29,5%.



Áhættustjórnun

Árangursrík áhættustjórnun er lykilþáttur í langtíma-
arðsemi og stöðugleika Landsbankans. Í áhættustjórnun
felst greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri
og að skilvirkt skipulag til að mæta áhættu og/eða miðla
upplýsingum um hana sé til staðar. Bankinn nýtir bestu
viðmið við áhættustjórnun.

Umgjörð áhættustjórnunar

Skýr og skilvirk heimild ein-
stakra aðila til ákvarðana-
töku, stýrð áhættutaka og
eftirlit bankaráðs, bankastjóra
og einstakra nefnda bankans eru
hornsteinar áhættustjórnunar.
Landsbankinn hefur sett sér ítar-
legar áhættureglur og byggt upp
stjórnskipulag sem tryggir skýra

ábyrgð og eftirfylgni við áhættu-
stjórnun.

Á árinu 2014 var áfram unnið
að eflingu áhættustjórnunar
Landsbankans með umbótum á
innri ferlum og með greiningu
og miðlun helstu áhættuþátta í
rekstri bankans.

Mæling áhættuvilja og áhættu-
marka stærstu áhættuþátta

Áhættustýring

Til að ná markmiðum sínum
tekur bankinn aðeins þá
áhættu sem hann skilur,
getur metið og mætt.

er hluti af daglegri stjórnun bankans. Þessi aðferð hefur nýst vel til að auka gæði eignasafns, bæta samsetningu þess og draga úr áhættu. Áhættuvilji tekur ekki einungis til áhættumarka, heldur felur jafnframt í sér leiðbeiningar um það viðhorf til áhættu í rekstri sem starfsmenn þurfa að tileinka sér.

Áhættumörk bankans eru ávallt í samræmi við lög eða reglur, ef þeim er til að dreifa, en bankinn skilgreinir einnig sjálfur fjölmörg áhættumörk sem ekki eru bundin í lög eða reglugerðir. Landsbankinn hefur sett sér markmið um fjárhagsstöðu, gæði eigna, stöðutöku og ásættanlega arðsemi til lengri tíma. Til að ná markmiðum sínum tekur bankinn aðeins þá áhættu sem hann skilur getur metið og mætt.

Við ákvörðun áhættuvilja eru samhliða sett áhættumörk fyrir helstu þætti tengda útlána-, markaðs-, lausafjár-, fjármögnunar- og rekstraráhættu, en þau eru misítarleg eftir eiginleikum og breytileika þeirra. Áfram er stefnt að því að draga úr áhættuþáttum í rekstri.

Yfirlit mælinga áhættuvilja Landsbankans

Áhættuþáttur	Mæling
Útlánaáhætta	Meðallíkur á vanefndum
	90 daga vanskilahlutfall
	Geirasambjöppun
	Lántakasambjöppun
Markaðsáhætta	Hlutabréf
	Skuldabréf
	Gjaldeyrir
	Vaxtaáhætta utan veltubókar
	Verðtryggingaráhætta
Lausafjárahætta	Lausafjárþekja - alls
	Lausafjárþekja - gjaldeyrir
Fjármögnunaráhætta	Fjármögnunarþekja
	Eiginfjárlutfall

Áhættuþættir eru metnir með mismunandi mælistikum eftir eðli þeirra. Þær mælistikur eru m.a. nýttar við setningu áhættu-marka, greiningu áhættuþátta og breytingar á þeim, miðlun upplýsinga og stjórnun áhættu. Sam-eiginleg mæling allra áhættuþátta er mat á eiginfjárförf (e. economic capital).

Eiginfjárförfur og eiginfjárförf

Árið 2013 óskaði Landsbankinn formlega eftir leyfi Fjármála-eftirlitsins (FME) til að nota svokallaða innramatsaðferð (IRB) við mat á eiginfjárförfu vegna útlánaááættu bankans. Landsbankinn hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að styrkja áhættustjórnun sína með marg-víslegum umbótum á verklagi og aðferðafræði við áhættumat í samræmi við ofangreinda aðferð. Umsóknarferlið er umfangsmikið og stendur enn yfir í fullu samstarfi við Fjármálaeftirlitið.

Mat á eiginfjárförfu gerir bankanum kleift að varpa skýru ljósi

Áhættuvegnar eignir 2014

846
ma. kr.

á hversu mikið eigið fé bankinn þarf til eðlilegs rekstrar. Markmið bankans er að mæla eiginfjárförfu þannig að ætíð sé fyrir hendi nægt eigið fé til að standast lögbundnar kröfur þrátt fyrir óvænt tap. Þessi skilgreining miðast við 99,9% öryggismörk og eins árs tímabil sem þýðir að 0,1% líkur teljast á því að tap á eins árs tímabili verði meira en útreiknuð eiginfjárförfu. Þetta samræmist Basel-regluverkinu og uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til aðila með lánshæfiseinkunn A.

Eiginfjárförfu Landsbankans lækkaði á árinu 2014 sem sýnir að dregið hefur úr áhættu miðað við síðasta ár.

Nánar um áhættustjórnun

Landsbankinn hefur undanfarin ár gefið út áhættuskýrslu sem uppfyllir upplýsingaskyldu bankans samkvæmt þriðju stoð Basel II. Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir öllum þáttum áhættustýringar bankans og þeim aðferðum sem beitt er við mat á áhættu.

Áhættuskýrslunni er ætlað að gefa glögga mynd af stöðu bankans og veitir hún m.a. lykilupplýsingar varðandi umfang, áhættuskuldbindingar, áhættumatsferli, eiginfjárfstöðu og aðra mikilvæga þætti á þessu sviði.

Áhættuskýrsla Landsbankans

Nánari upplýsingar um áhættustjórnun Landsbankans er að finna í áhættuskýrslu sem birt er samhliða ársreikningi.

